

Alþingi
Erindi nr. P 128/1157
komudagur 20.2.2003

Heilbr.- og trygginganefnd Alþingis.

Krabbameinsfélagi Íslands hefur verið sent til umsagnar Frv. t.l. um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Þessar breytingar eru tvímælalaust til bóta og legg ég því til fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands að frumvarpið verði samþykkt.

Fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands,

Guðrún Agnarsdóttir forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 128/1062

komudagur 19. 2. 2003



Krabbameinsfélagið

Reykjavík, 18. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðandi:

Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál, EES-reglur.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um ofangreint mál og gerir engar athugasemdir við frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál, EES-reglur.

Fyrir hönd Krabbameinsfélags Reykjavíkur

Guðlaug B. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri

**Alþingi****Erindi nr. P 128/920****komudagur 6.2.2003**

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. febrúar 2003
SG/gh

Varðar frumvarp til laga um tóbaksvarnir, EES-reglur.

Landlæknisembættinu hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp. Eins og fram kemur í athugasemdum byggist það á tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkja varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum. Landlæknisembættið gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Með kveðju,

Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Alþingi
Erindi nr. P 128/1158
komudagur 20.2.2003



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 18. febrúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál, EES reglur

Þakka beiðni yðar varðandi umsögn um ofangreint frumvarp.

Að ósk Læknafélags Íslands skoðuðu Læknar gegn tóbaki frumvarpið, m.a. með samráði við Tóbaksvarnarnefnd. Niðurstaða þeirra var að ekki væri ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1316
komudagur 25. 2. 2003

415. mál, tóbaksvarnir.

Góðan dag heilbrigðis- og trygginganefnd og hafir þakkir fyrir góðan fund.

Mig langar að itreka það sem ég lagði áherslu á í gær. Í ljósi þess að lýðheilsustöð mun ekki hafa úr neinum fjármunum að spila, fyrir utan það sem nú þegar er eymamerkt ráðunum, væri skynsamlegast og heillavænlegast að færa núverandi nefndir/ráð undir sama þak, spara húsaleigu, samnýta símsvörun og tæki og halda reglulega samráðsfundi. Slíkt gæti verið vísir á frekara samstarf og hugsanlega lagasetningu í framtíðinni.

Þar sem allir fundarmenn í gær lýstu yfir óánægju með frumvarpið i núverandi mynd og lögðu til að stigið yrði varlega til jarðar yrði það engum til framdráttar að knýja frumvarpið í gegn. Þetta frumvarp er ekki kosningamál og því síður landsbyggðamál því það myndi strá salt i sárin ef lýðheilsustöð, ef hún verður að veruleika, yrði staðsett úti á landi.


Ég vil líka ítreka það sem ég sagði í gær, hvers vegna að hrófla við því sem vel er gert? Aðrar þjóðir leita til okkur hvað tóbaksvarnir varða því þær undrast hvernig okkur hefur tekist að minnka reykingar fullorðinna úr 30% í 24% á 6 árum. Og það sem ÖLLU máli skiptir, að reykingar 12-16 ára grunnskólanemenda hafa farið niður um 40% á síðustu fjórum árum. Ef við náum að ala upp reyklaugar kynslóðir mun það draga úr áfengisvandamálum og fíkniefnamálum í framtíðinni því það eru 10 sinnum meiri líkur á því að barn sem reykir verði alkóhólisti en barn sem aldrei reykir. OG -- ENGINN eiturfjaneytandi er reyklaus. Það eru orsakir og afleiðingar í þessu eins og öðru.

Áfengis- og vímuefnaráð þarf sterkari lagagrunn til að taka á þessum áfengisauglýsingum og hin ráðin þurfa aukið fjármagn. Ef þetta yrði að veruleika væri stór sigur unninn.

Með óskum um að nefndarmenn taki skynsamlega ákvörðun sem allir verða sáttir við.

Virðingarfyllst,

Þorgrímur Þráinsson
framkvæmdastjóri
Tóbaksvarnanefndar



Alþingi
Erindi nr. P 128/1029
komudagur 18.2.2003



TÓBAKSVERNANEFND
Skógarhlíð 8 · Pósthólf 5420 · 125 Reykjavík
Sími 561 2555 · Fax 561 2563
reyklaus@reyklaus.is · www.reyklaus.is

Reykjavík, 17. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Varðandi: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál, EES-reglur.

Tóbaksvarnanefnd gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

F.h Tóbaksvarnanefndar


Þorgrímur Þráinsson

Alþingi
Erindi nr. P 128/1409
komudagur 3.3.2003



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

**Nefndasvið Alþingis
heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

28. febrúar 2003
Skjalanúmer: 110-0
Tilvísun: U20030200007/kg

Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál


Vísað er til erindis heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál. Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Umhverfisstofnun hefur m.a. það hlutverk að hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti hér á landi, þ.m.t. eftirlit með útsölustöðum tóbaks í samræmi við 8. og 17. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Umhverfisstofnun gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Stofnunin telur þó ekki fyllilega ljóst í 3. gr. frumvarpsins hvaða „heilbrigðisyfirvöld“ er þar rætt um. Þetta hugtak er ekki skilgreint í lögum nr. 6/2002 né í frumvarpinu. Í 8. gr. laga nr. 6/2002 er almennt rætt um heilbrigðisnefnd sem yfirvald en stofnunin telur óljóst hvort þessi nýju ákvæði falli undir hefðbundið hlutverk þeirra.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á umsögn stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigrúbjörg Gísladóttir
forstöðumaður